

Borgarstjórn Reykjavíkur – upplýsingar@reykjavik.is
Bæjarstjórn Kópavogs – kopavogur@kopavogur.is
Bæjarstjórn Garðabæjar – gardabaer@gardabaer.is
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar – hafnarfjordur@hafnarfjordur.is
Bæjarstjórn Mosfellsbæjar – mos@mos.is
Bæjarstjórn Seltjarnarness – postur@seltjarnarnes.is
Bæjarstjórn Akraness – akranes@akranes.is
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum – sss@sss.is

Afrit:

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra
Umhverfisstofnun – ust@ust.is
Félag Íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) – fib@fib.is

Reykjavík, 22. júní 2021

Efni:

Ályktun aðalfundar Landverndar 12. júní 2021 um gjalddöku fyrir nagladekk á höfuðborgarsvæðinu

Landvernd vill að tekið verði gjald fyrir notkun nagladekkja á höfuðborgarsvæðinu.

Bregðast verður við ótímabærum dauðsföllum og heilsubresti vegna loftmengunar í þéttbýli. Til þess þarf að draga úr umferð og minnka notkun nagladekkja.

Aðalfundur Landverndar 2021 skorar á borgarstjórn Reykjavíkur og bæjarstjórnir Hafnarfjarðar, Kópavogs, Garðabæjar, Seltjarnarness og Mosfellsbæjar, auk sveitarfélaga í nágrenninu, að taka, að norskri fyrirmynd, upp gjald á þá bíla sem eru á negldum dekkjum. Þetta mundi auka til muna gæði andrúmslofts í Reykjavík, og minnka þar með ótímabundin dauðsföll vegna svifryksmengunar, og vonandi koma í veg fyrir það að farið verði yfir viðmiðunarmörk.

Með því að fylgt verði fordæmi Norðmanna og innheimt gjald fyrir nagladekkjanotkun geta þeir sem búa utan höfuðborgarsvæðisins og kjósa að aka þar á nagladekkjum greitt fyrir aðgang, ýmist árgjald, mánaðargjald eða daggjald.

Í meðfylgjandi ítarlegir greindargerð kemur skýrt fram að það er löngu tímabært að grípa sem reynslan sýnir að skila árangri og beita mengunarbótareglunni. Árlega er talið að um 70 Íslendingar falli frá fyrr en ella vegna áhrif á loftmengun, sem aðalega er vegna ryks sem á rætur að rekja til notkunar nagladekkja. Auk þess veldur rykmengun bæði þjáningum og veikindum. Nýta má reynslu Norðmanna um fyrirkomulag gjalddöku.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. Landverndar
Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri